

Umhverfisstofnun
Áb. _____
12. júlí 2013 814.2
Tilv. _____

Efnamóttakan hf
Gufunesvegi
112 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri, 12. júlí 2013
Tilvísun: UST20130500181/gsá

Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í fyrra bréf stofnunarinnar, dagsett 3. júní 2013, þar sem Efnamóttökunni hf. var veittur frestur til að skila upplýsingum um um magn og gerð úrgangs sem mótttekinn er og til þess að koma sjónarmiðum á framfæri vegna áforma stofnunarinnar um að veita Efnamóttökunni hf. áminningu, sbr. 48. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.


Umhverfisstofnun veitir hér með Efnamóttökunni hf. áminningu, sbr. 2. mgr. 38. gr. laga nr. 55/2003, vegna þess að Efnamóttakan hf. hefur ekki skilað þeim magntölum úrgangs sem ber að gera sbr. ákvæði í starfsleyfi og fyrirtækinu er skylt skv. 9. gr. laga nr. 55/2003. Umhverfisstofnun veitir hér með rekstraraðila frest til úrbóta til og með 7. ágúst 2013.

Sinni rekstraraðili ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frest er stofnuninni heimilt að ákveða fyrirtækinu dagsektir allt að upphæð 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 3. mgr. 38. gr. laga nr. 55/2003.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 49. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kærán borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Aðsetur nefndarinnar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 16. gr. sbr. 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 446/2012. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávíka frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Virðingarfyllst


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri



Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur